



www.saf.is



LÝÐHEILSUSTÖÐ
www.lydheilsustod.is



SPURNINGAR OG SVÖR

1 Af hverju reyklusir veitinga- og skemmtistaðir?

Heilsa starfsmanna er ástæðan. Óbeinar reykingar eru mjög skaðlegar heilsu fólks. Þær geta haft skammtímaáhrif, eins og ertingu í augum og hálsi, en líka alvarlegri áhrif, s.s. aukið líkur á að fá hjartaáfall, lungnakrabbamein og heilablóðfall. Óbeinar reykingar eru líka sérstaklega slæmar fyrir þungaðar konur, börn, fólk með astma og öndunarfæravandamál og vandamál í hjarta og æðakerfi.

2 Hverjar eru breytingarnar frá fyrri lögum?

Frá árinu 1985 hafa þjónusturými flestra fyrirtækja og stofnana verið að færast í átt til reykleysis, samkvæmt lögum, en veitinga- og skemmtistaðir hafa hingað til fengið undanþágu. Breytingin frá fyrri lögum er því sú að undanþágan gildir ekki lengur. Sömu lög munu hér eftir gilda fyrir öll fyrirtæki – veitinga- og skemmtistaðir eru þar meðtaldir.

Frá og með 1. júní 2007 verður hvergi leyft að reykja í þjónusturými veitinga- og skemmtistaða. Ekki verður leyfilegt að skipta staðnum í reykingsvæði og reyklaust svæði eða útbúa sér reykingsherbergi handa gestunum. Verið er að vinna reglugerð um útisvæði veitingastaða og verður hún kynnt sérstaklega síðar.

3 Fyrir hvern eru lögin?

Starfsfólk veitinga- og skemmtistaða hefur verið einn fárra hópa sem hefur þurft að vinna í tóbaksreyk. Í ljósi mikillar og vaxandi þekkingar á skaðsemi óbeinna reykinga er þetta ekki verjandi lengur. Starfsfólk veitinga- og skemmtistaða verður að fá að njóta sama réttar og aðrar stéttir vinnandi fólks. Það er því fyrst og fremst með velferð starfsfólksins í huga sem lögunum er breytt.



NÚ ÖNDUM VIÐ LÉTTAR

REYKLAUSIR VEITINGA- OG SKEMMTISTAÐIR

1. júní 2007

REYKLAUSIR VEITINGA- OG SKEMMTISTAÐIR 1. júní 2007

Samþykktar hafa verið á Alþingi breytingar á tóbaksvarnalögum sem fela það í sér að veitinga- og skemmtistaðir mega ekki leyfa reykingar í þjónusturými sínu eftir 1. júní 2007. Samtök ferðaþjónustunnar og hagsmunasamtök starfsfólks í veitinga- og skemmtistaðum eru meðal þeirra sem hvöttu til lagabreytingarinnar.

Bæklingur þessi og límmerkimiðar eru liður í að kynna þá breytingu sem í vændum er. Annars vegar er límmerkið um að staðurinn sé reyklus, hins vegar að hann verði reyklus 1. júní 2007. Límmiðana er hægt að setja í glugga veitinga- og skemmtistaða og panta má fleiri hjá Lýðheilsustöð: www.lydheilsustod.is

Hreint loft á veitingastöðum – fyrir gesti og starfsfólk

Hótel- og veitingamenn hafa síðustu árin stigið ýmis skref innan samtaka sinna til að fjölga reyklusum svæðum í veitingasölum og fjölga reyklusum gistiherbergjum auk þess sem flestir gististaðir hafa lengi boðið reyklusan morgunverð. Nú er svo komið að á annað hundrað veitingastaða eru alveg reyklusir og fjölmargir staðir til viðbótar leyfa ekki reykingar í matsölum.

Þegar nokkur Evrópulönd, þ.m.t. Svíþjóð, Noregur og Írland, höfðu fyrir fáeinum árum ákveðið að gera alla veitingastaði í löndum sínum reykluslausa fór umræðan fljótt að beinast í sama farveg hér á landi. Það gerðist því á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar árið 2005 að samþykkt var tillaga veitingamanna um að ganga til viðræðna við stjórnvöld um að reykingar yrðu bannaðar á veitinga- og skemmtistöðum frá og með 1. júní 2007. Segja má að þær breytingar, sem nú þegar hafa verið gerðar, hafi verið í þágu gestanna en auknar umræður um starfsumhverfi þeirra sem vinna í reykmettuðu andrúmslofti hafi orðið til þess að lög um algert reykban voru samþykkt.

Samtök ferðaþjónustunnar hvetja alla veitingastaði, sem enn leyfa reykingar, til að huga nú þegar að því hvernig þeir geti sem best staðið að þeim breytingum sem framundan eru, s.s. með góðum upplýsingum til gesta sinna.

Erna Hauksdóttir,
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

VIÐSKIPTAVINIR OG REKSTUR

ÁHRIF Á REKSTUR

Í öðrum löndum, þar sem sambærileg tóbaksvarnalög hafa tekið gildi, bar nokkuð á áhyggjum veitingamanna vegna hugsanlegs rekstrarsamdráttar í kjölfar lagasetningarinnar. Því er ekki að neita að einhverjir staðir í Noregi gengu verr eftir lagasetninguna en fyrir hana en þegar litið er til fleiri landa og horft á heildaráhrif kemur í ljós að ekki hafa komið fram nein áreiðanleg gögn sem gefa veitingamönnum tilefni til að hafa áhyggjur af þessu. Það hefur sýnt sig að í þeim löndum þar sem veitinga- og skemmtistaðir eru reyklusir hefur velt á ýmist staðið í stað eða aukist í kjölfar lagasetningarinnar.

VIÐHORF VIÐSKIPTAVINA

Það getur verið gagnlegt að skoða viðhorf viðskiptavina til laganna og fyrirætlanir þeirra um að fara á veitingahús. Árið 2000 og 2004 kom fram í könnunum hjá Gallup að yfir 60% svarenda voru andvígir reykingum á veitingahúsum og árið 2004 sögðu um 86% svarenda að þeir myndu fara jafnoft eða oftar á veitingastaði ef þeir væru reyklusir. Árið 2005 skoðuðu tveir nemar við Háskólann í Reykjavík viðhorf háskólanema til reyklusra veitingahúsa og kom þá í ljós að um 75% nemanna voru mjög eða frekar hlynntir banni við reykingum á veitingahúsum. Þessar tölur benda til þess að fólk á Íslandi sé almennt hlynnt reyklusum veitingahúsum og að rekstraraðilar eigi ekki að þurfa að hafa áhyggjur af minnkandi aðsókn.

REYNSLA ANNARRA LANDA

Ísland er eitt fjölmargra landa sem setur lög um reyklus veitingahús. Fyrst var það gert í Kaliforníuríki árið 1998 og nú hafa slík lög tekið gildi víða í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. Þróunin hefur verið í sömu átt í Evrópu og árið 2004 fengu Írland, Norðmenn og Möltubúar reykluslausa veitingastaði. Árið 2005 bættust Svíþjóð og Ítalía í hópinn og Skotland árið 2006. Innleiðing laganna hefur gengið vel fyrir sig í öllum löndunum og ágætlega tekist að fá þeim framfylgt. Umræður um sams konar breytingar standa yfir víða og nýverið var t.d. ákveðið að veitinga- og skemmtistaðir í Frakklandi yrðu reyklusir árið 2007.

